

REGLUR
um vísindaráð Háskólans á Akureyri nr. 1208/2007
með breytingum nr. 789/2020.

1. gr.

Hlutverk vísindaráðs.

Vísindaráð er fastanefnd háskólaráðs. Það er háskólaráði og yfirstjórn til ráðgjafar um eflingu vísindalegra rannsókna við Háskólann á Akureyri. Vísindaráð getur efnt til ráðstefna eða með öðrum hætti vakið umræðu um þau svið vísinda sem stunduð eru við Háskólann á Akureyri. Vísindaráð hefur ekki ákvörðunarvald um málefni rannsókna.

2. gr.

Skipan vísindaráðs.

Í vísindaráði sitja fulltrúar deilda háskólans. Þeir eru valdir til þriggja ára úr hópi lektora, dósentna og prófessora [fræðasviða háskólans.]¹ Hvert [svið]² tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara. Við tilnefningu skal þess gætt að fulltrúarnir endurspegli styrk deildanna í rannsóknum. Í ráðinu situr einnig fulltrúi nemenda, valinn til eins árs í senn af [Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri]³, ásamt varamanni. Rektor skipar tvo fulltrúa og tvo til vara. Við val fulltrúa rektors skal þess gætt að tryggja sem mesta faglega breidd ráðsins og styrk fyrir háskólann út á við. Rektor skipar formann ráðsins.

1) Breytt með reglum nr. 789/2020

2) Breytt með reglum nr. 789/2020

3) Breytt með reglum nr. 789/2020

3. gr.

Starfshættir og viðfangsefni vísindaráðs.

- a) Vísindaráð er rektor, háskólaráði, háskólafundi og yfirstjórn til ráðgjafar um málefni vísinda við Háskólann á Akureyri.
- b) Vísindaráð beitir sér fyrir mótun og endurskoðun stefnu um vísindi við Háskólann á Akureyri.
- c) Vísindaráð starfar með gæðaráði að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri.
- d) Vísindaráð hefur forgöngu um að skapa bætt umhverfi til rannsókna fyrir kennara háskólans.
- e) Starfsmaður [Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri]¹ situr fundi vísindaráðs, er ritari ráðsins og annast dagleg störf fyrir það.
- f) Háskólaráð setur vísindaráði erindisbréf.

1) Breytt með reglum nr. 789/2020.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt 11. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007 og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 3. desember 2007.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Reglur nr. 1208/2007 samþykktar í háskólaráði 3. desember 2007.

Breytingar nr. 789/2020 samþykktar í háskólaráði 25. júní 2020.